

Föstudaginn 27. febr. 1925.

Nr. 56/1924.

**Gísli Gíslason**

gegn

**Sigurði Jónssyni.**

### **Dómur hæstarjettar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Gíslason Laugaveg 123, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.<sup>1)</sup>

---

Mánudaginn 2. mars 1925.

Nr. 49/1924. **Þorsteinn Johnson fyrir sjálfan sig og f. h. Louis Zöllner** (Sveinn Björnsson)

gegn

**Kristni Ólafssyni f. h. Peter Kühlke**

(Sveinbjörn Jónsson).

Útaf greiðslu farmgjalds.

Dómur sjóðdóms Vestmannaeyjakaupst. 24. sept. 1923: Stefnur, Þorsteinn Johnson, greiði stefnanda, Kristni Ólafssyni f. h. Peter Kühlke 4350 krónur ásamt  $7\frac{1}{2}\%$  vöxtum frá 19. apríl 1922 til greiðsludags og 300 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Máli þessu, sem risið er útaf greiðslu á eftirstöðvum af farmgjaldi fyrir saltfarm frá Cadix á Spáni til Vestmannaeyja með mótorskipinu Antilope,

<sup>1)</sup> S. d. uppkveðinn samhljóða dómur í máli sömu aðila nr. 57/1924.

hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 27. sept. f. á., að fengnu uppreistarleyfi dags. 13. s. m. og nóvaleyfi dags. 25. s. m.

Áfrýjandi gerir þá aðalkröfu að málinu verði vísað frá sjóðómi. Til vara krefst hann að hann verði sýknaður af kröfum stefnda bæði sjálfur og fyrir hönd Louis Zöllner og til þrautavara krefst hann að hann verði aðeins dæmdur f. h. Louis Zöllner til að greiða danskar krónur 771,59 án vaxta, og loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir undirjetti og hæstarjetti.

Stefndi krefst hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig að dómkrafan verði færð niður í íslenskar krónur 4229,58, og miðast þessi niðurfærsla við það, að skilað hafi verið úr skipinu 208 tonnum af salti, en í undirjetti var dómkrafan miðuð við 212 tonn, eða til vara í danskar krónur 3260,80 með 5% vöxtum frá 19. apríl 1922. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarjetti.

Frávísunarkrafa áfrýjanda, er byggist á því, að svo hafi verið umsamið í farmsamningnum, er lagður hefir verið fram í hæstarjetti, að öllum deilum útaf samningnum skuli skotið til gerðar 2ja manna í London, verður eigi tekin til greina, með því að áfrýjandi, er hvað eftir annað fjekk fresti í málinu, hreyfði ekki þessari frávísunarkröfu fyrir sjórjettinum og hafði hann þó undir rekstri málsins símléiðis leitað fyrirskipana frá Louis Zöllner um málið en þótt Zöllner sendi honum ýms gögn til varnar í málinu, þar á meðal sundurliðaðan reikning yfir viðskifti sín og kröfur á hendur eiganda hins umrædda skips útaf farmflutningnum, þá lét hann þó eigi hreyfa neinum mótmælum í þessa átt, og þar sem gera verður ráð fyrir að Zöllner hafi þekt umrætt

ákvæði farmsamningsins, verður að telja að hann hafi fallið frá gjörðardómsákvæði samningsins.

Af símskeytum þeim frá áfrýjanda til L. Zöllner, er lögð hafa verið fram í málinu, þykir mega ráða það, að áfrýjandi Þorsteinn Johnson hafi eigi veitt farminum móttöku í eigin nafni heldur fyrir hönd Zöllners, og að skipstjóra hafi verið þetta ljóst má ráða meðal annars af því, að trygging sú, að upphæð 4350 kr., er skipstjóra var sett fyrir greiðslu farmgjaldsins, var sett af Þorsteini Johnson vegna L. Zöllner, en af þessu leiðir, að skipstjóri átti ekki neina kröfu á hendur Þorsteini persónulega, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnda.

Samkvæmt farmsamningnum var farmgjaldið ákveðið 40 kr. danskar fyrir hvert tonn, sem afhent væri úr skipinu, og þar sem ekki er ágreiningur hjer í rjettnum um það, að einungis 208 tonnum hafi verið skilað var farmgjaldið alls 8320 kr. Frá þessari upphæð ber í fyrsta lagi að draga upphæðir þær, er skipstjóri hefir fengið fyrirfram greiddar upp í farmgjaldið, samtals kr. 5059.20. Ennfremur ber að draga frá farmgjaldinu andvirði fyrir stúfunarmottur kr. 232,49, símskeytagjöld kr. 62,44 og gjöld fyrir aukavátryggingu, er áfrýjandi varð að kaupa er skipið vjek af rjettri leið til Þýskalands kr. 114,28 eða samtals kr. 409,21, með því að þessi gjöld eru sumpart nægilega rjettlætt hjer fyrir rjettnum og sumpart hefir þeim aðeins verið mótmælt í undirrjetti með almennum orðum, án þess það sæist á hverju mótmælin voru byggð.

Pegar þessar upphæðir kr. 5059,20 og kr. 409,21 eru dregnar frá farmgjaldinu stendur eftir ógreitt kr. 2851,59. Frá þessari upphæð krefst áfrýjandi að dregnar sjeu skaðabætur til L. Zöllner að upphæð

kr. 2080,00, og rökstyður hann þessa kröfu sína með því, að skipið hafi á ferð sinni til Vestmannaeyja að nauðsynjalausu og gegn mótmælum farmsendara, farið þvert úr leið frá Dartmouth á Englandi til Cuxhafen á Þýskalandi og legið þar í aðgerðaleyzi í 63 daga eða frá 20. jan. til 24. mars 1922, og er það loksins hafi komið til Vestmannaeyja 13. apríl s. á. hafi saltverð í Vestmannaeyjum verið fallið um 10 kr. hvert tonn.

Þótt lítið væri nú svo á, að þessi krókur skipsins til Cuxhafen og dvöl þess þar, sem engin nægileg grein hefir verið gjörð fyrir, hafi verið brot á farmsamningnum, sem skipseigendur ættu að bera ábyrgð á, þá hefir áfrýjandi eigi gegn mótmælum stefnda fært sönnur á það, að saltverð í Vestmannaeyjum hafi fallið á tímabilinu frá því skipið fór frá Dartmouth þar til það kom til Vestmannaeyja, og er því eigi heimild til þess að taka umrædda skaðabótakröfu til greina.

Samkvæmt þessu verður að dæma áfrýjanda Þorstein Johnson f. h. Louis Zöllner til þess að greiða stefnda danskar krónur 2851,59 með 5 % ársvöxtum frá 19. apríl 1922 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður bæði fyrir sjóðómi og hæstarjetti falli niður.

Við meðferð máls þessa í hjerði er að athuga, að það hefir verið undir dómi frá 12. mars 1923 til 24. sept. s. á. eða rúma 6 mánuði. Fyrir þennan óhæfilega drátt, er formaður sjóðómsins Karl Einarsson bæjarfógeti á sök á, og eigi hefir verið rjettlættur, verður ex officio að láta hann sæta sekt, samkv. 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832. Ákveðst sektin 40 krónur og renni í fátækra sjód Vestmannaeyja-kaupstaðar.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Þorsteinn Johnson, á sýkn að vera í máli þessu en fyrir hönd Louis Zöllner skal hann greiða stefnda Kristni Ólafssyni f h. Peter Kühlke danskar krónur 2851,59 ásamt 5% árs-vöxtum frá 19. apríl 1922 til greiðsludags.

Málskostnaður í hjeraði og fyrir hæstarjetti fellur niður.

Undirdómarinn Karl Einarsson bæjarfógeti greiði 40 kr. sekt í fátækra sjóð Vestmannaeyja-kaupstaðar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur þíus áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandi, Kristinn Ólafsson lögfræðisnemi, til heimilis á Reyni hjer í bæ, höfðað, fyrir hönd Peter Kühlke skipstjóra á skipinu „Antilope“ frá Altona, gegn Þorsteini Johnson kaupmanni hjer í bæ, eða til vara gegn Þorsteini Johnson fyrir hönd Louis Zöllner í Newcastle, með stefnu útgefiinni 2. septem-ber 1922, til greiðslu á eftirstöðvum á farmgjaldi, fyrir saltfarm, með m/s. „Antilope“ kr. 4350,00, ásamt 8% ársvöxtum frá 19. apríl 1922 til greiðsludags, og málskostnaði eftir mati rjettarins.

Sátta var leitað af dóminum, milli málsaðila, en sáttatilaun varð árangurslaus.

Eftir skjölum málsins, virðast málavextir vera þannig: Í nóvembermánuði 1921 fór ofangreint mótorskip á stað með saltfarm frá Cadiz til Vestmannaeyja til Þorsteins Johnsons eða stefnda í þessu máli, en skip þetta varð fyrir ýmsum töfum og kom ekki hingað fyr en í apríl 1922. Stefndur, sem var móttakandi farmsins, virðist hafa verið eitthvað óánægður með hversu seint skipið kom, en virðist hafa átt að annast greiðslu á eftirstöðvum farmgjaldsins. Virðist ekki hafa náðst annað samkomu-lag en að hann „deponeradi“ í Íslandsbanka hjer eftirstöðvunum 4350 kr. til tryggingar greiðslunni á sínum tíma; þegar búíð var

að afferma skipið virðist heldur ekki hafa náðst samkomulag og út af því er mál þetta risið.

Stefnandi hefir gjört þær kröfur að annaðhvort stefndur Þorsteinn Johnson kaupmaður hjer, eða hann fyrir hönd Louis Zöllner, sem á að hafa sent farminn og sett hafði ofangreinda tryggingu, eða stefndur Þorsteinn Johnson fyrir hans hönd, verði dæmdur til að greiða sjer eftirstöðvarnar ásamt vöxtum og málskostnaði eins og að framan greinir; til vara krefst stefnandi að stefndur Þorsteinn Johnson verði dæmdur til þessa vegna Louis Zöllner, Newcastle.

Stefndur, Þorsteinn Johnson, gerir hinsvegar þær kröfur, aðallega, að málinu verði vísað frá dómi vegna umboðsskorts stefnanda, og vegna þess að málið hafi því ekki löglega verið lagt til sátta.

Í öðru lagi krefst stefndur, til vara, að vera sýknaður af kröfum stefndanda, sökum þess að málið sje ranglega höfðað gegn sjer, þar eð hann hafi eigi átt að standa skil á farmgjaldinu, og aldrei lofað því.

Í þriðja lagi krefst stefndur að málinu verði vísað frá dómi að því er snertir málshöfðunina gegn honum fyrir hönd Louis Zöllner, sökum vantandi umboðs stefnds frá Louis Zöllner til að taka á móti málshöfðun, og til þrautavara krefst stefndur að krafan verði færð niður í kr. 771,59. Svo mótmælir hann og málskostnaðarkröfu stefnanda.

Kröfur stefnda um frávisun á málinu, sökum þess að stefnandi hafi eigi haft löglegt umboð, og sáttatilraun því meðal annars verið ólögleg, virðist ekki hægt að taka til greina, þegar af þeirri ástæðu, að málið var þingfest, og sáttatilraun var gerð, án nokkra mótmæla frá stefnda. Þar við bætist að síðar var lagt fram í málinu fullgilt umboð, sem staðfestir hið upprunalega umboð að öllu leyti. Málinu getur því ekki verið vísað frá af þessum ástæðum. Að því er aðal-varakröfu stefnda snertir, um sýknun í málinu, af því að hann hafi aldrei lofað eða undirgengist að greiða farmgjaldið eða eftirstöðvar þess, þá fyrst og fremst sýnir rjettarskjal nr. 11, farmskírteinið í eftirriti, að hann var móttakandi farmsins, og enn fremur er það in confesso í málinu, að hann tók við farminum, og virðist þetta vera nægilegt til að skuldbinda hann í þessu efni samkvæmt siglingalögunum. Stefndur, Þorsteinn Johnson kaupmaður virðist því vera rjettur aðili í þessu máli.

Að því er snertir niðurfærslu stefnda á kröfunni kr. 4350,00 niður í kr. 771,59, þá er þar til að svara að stefndur hefir að vísu lagt fram eins konar reikningsyfirlit óundirskrifað og óstaðfest, sem á að sýna að eftirstöðvar farmgjaldsins sjeu aðeins 2851 kr. 59 au. danskar, en þar sem þessum reikningum hefir verið algjörlega mótmælt af stefnanda, þá verður ekkert tillit hægt að taka til þessara reikninga nje skaðabótakröfunnar 2080 kr. Aðaldómkröfuna verður því að byggja á tryggingarupphæðinni, sem geymd á að vera í Íslandsbanka, og álitast verður að skipstjórinn og stefndur hafi komið sjer saman um, og sem einmitt er sú upphæð, sem stefnt er fyrir.

Það verður því að dæma stefnda til að greiða kr. 4350,00. Vaxtakröfu stefnanda verður og að taka til greina, þó þannig að vextir eru ákveðnir  $7\frac{1}{2}\%$ . Eftir útslitam málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst hæfilegur 300 kr.

Dráttur sá er orðið hefir á dómsuppsögn í máli þessu, stafar svo að segja einvörðungu af fjarveru dómaraoddivitans frá heimili sínu, sem hefir verið með leyfi hlutaðeigandi yfirvalda, enda haft sínar fylstu orsakir.

Miðvikudaginn 18. mars 1925.

Nr. 26/1924. **Gísli J. Johnsen** (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**skiftaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Jóhanns L. S. Austmanns, Sigurði Ólafssyni, Rósu Hjartardóttur, Jóni Árnasyni, Brynjólfi Sigfússyni og Árna Sigfússyni** (Sveinn Björnsson).

Um gildi arfleiðslugjörnings.

Úrskurður skiftarjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 21. okt. 1922: Hin gerða ráðstöfun á eignum Jóhanns heitins Stefánssonar Austmann skal ónýtt vera.